

Helga María Pálsdóttir

From: Afgreiðsluborð #2 Ráðhús Móttaka
Sent: fimmtudagur, 25. júlí 2019 08:45
To: Gísli Halldór Halldórsson; Þorsteinn Hjartarson; Signý Harpa Hjartardóttir
Cc: Helga María Pálsdóttir; Ingibjörg Garðarsdóttir
Subject: FW: Tónlistarskóli Árnesinga - Ósk um viðbótarkvóta - bréf 2
Attachments: Svfél. Árborg v. viðbótarkvóta '19 - '20 - júlí'19.doc



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Þjónustufulltrúi
 afgreiðsluborði 2
 Póstur: radhus@arborg.is
 Sími: 480 1900

Ráðhús Árborgar / Austurvegi 2 / 800 Selfoss / Sími 480 1900 / Fax 480 1901

From: Helga Sighvatsdóttir <helga@tonar.is>
Sent: miðvikudagur, 24. júlí 2019 23:12
To: Ráðhúspóstur <arborg@arborg.is>; Gísli Halldór Halldórsson <gislihh@arborg.is>
Cc: Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga <StjornTonlistarskolaarnesinga@tonar.is>
Subject: Tónlistarskóli Árnesinga - Ósk um viðbótarkvóta - bréf 2

Sælir kæru bæjarráðsmenn og bæjarstjóri
 (afrit sent til stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga)

Þann 11. júní sl. óskaði Tónlistarskóli Árnesinga eftir 50 viðbótar klukkustundum til tónlistarkennslu fyrir veturinn 2019 – 2020.

(Í júníbyrjun voru 78 börn úr Sveitarfélaginu Árborg á biðlista Tónlistarskóla Árnesinga).

Þann 21. júní barst skólastjóra eftirfarandi bókun bæjarráðs Árborgar: „Bæjarráð vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun í haust, enda er ekki gert ráð fyrir þessari kostnaðaraukningu í fjárhagsáætlun 2019“

Í meðfylgjandi bréfi langar okkur að færa rök fyrir því að bætt verði við nokkrum klst. strax haustið 2019.

Með von um jákvæðar undirtektir,
 Helga Sighvatsdóttir
 skólastjóri

Tónlistarskóli Árnesinga
 Eyraveggi 9, 800 Selfossi
 Sími: 482 1717, 861 9687
 Netfang: tonar@tonar.is
 Veffang: www.tonar.is

ÁRBORG	
Brnr: 04.71	Mótt: 25/7 19
Ábm: G.H.H	Mnr: 1906147

Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2
800 Selfossi

Selfossi 24. júlí 2019

**Efni: Ósk um aukna tónlistarkennslu í Sveitarfélaginu Árborg frá hausti 2019.
- Bréf 2.**

Þann 11. júní sl. óskaði Tónlistarskóli Árnésinga eftir 50 viðbótar klukkustundum til tónlistarkennslu fyrir veturinn 2019 – 2020.

Þann 21. júní barst skólastjóra eftirfarandi bókun bæjarráðs Árborgar: „*Bæjarráð vísar erindinu til vinnu við fjárhagsáætlun í haust, enda er ekki gert ráð fyrir þessari kostnaðaraukningu í fjárhagsáætlun 2019*“

Með neðangreindum upplýsingum langar okkur að færa rök fyrir því að bætt verði við nokkrum klst. strax haustið 2019.

1. **Skólaár og fjárhagsár** hefjast ekki á sama tíma. Ef ekki bætast við neinar klst. í haust, þýðir það í raun að aukning kæmi ekki til framkvæmdar fyrr en haustið 2020 (eftir heilt ár).
2. **Nemendur** sem ekki komast að í haust þurfa því að bíða heilt ár í viðbót eftir að komast að.
3. **Áhugamál** barna eru margskonar. Mörg finna sig í íþróttastarfinu og er það vel. Önnur finna sig í tónlistinni og þurfa þá að hafa möguleika á að sækja sér tónlistarmenntun. Seta á biðlista getur þýtt tapað tækifæri til tónlistarnáms, sérstaklega á þau hljóðfæri þar sem biðlistar eru lengstir.
4. **Kennarar** eru ráðnir til kennslu skv. skólaári. Ef bætast við fjárheimildir um áramót, hefur skólinn mun minna svigrúm til að ráða til sín kennara, þar sem þeir (á miðju skólaári) eru bundnir í sínum skólum.

Að ofansögðu teljum við mikilvægt að brugðist verði við a.m.k. hluta biðlistans strax í haust.

Æskilegt væri að bæta við **að lágmarki 10 - 15 klukkustundum**, frá ágúst 2019.

Kostnaður. Hver klukkustund kostar um 607.000 kr. á ári, sem þýðir að frá ágúst - desember 2019 kostar hver klst. 252.917 kr. (5/12 af árskostnaði hvernar klst.)

Vinsamlegast hafið samband við undirritaða, ef frekari upplýsinga er óskað.

Virðingarfyllst,
Helga Sighvatsdóttir, skólastjóri
861 9687, helga@tonar.is